

um stefndu Stefáni Sigurfinnssyni og Önnu Pálsdóttur með lögráðamanni hennar Kr. P. Briem í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. hvoru, er lúkest innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. október 1916.

Nr. 48/1916.

Frimann Einarsson
 gegn
 Lofti Loftssyni.

D ó m u r :

Málsaðilar gerðu með sér svofeldan samning 22. desember 1914, að Frimann Einarsson réði sig sem hlutaman á mótorbát, eign Lofts Loftssonar, næstkomandi vetrarvertíð eða frá 2. febrúar til 11. maí 1915 með þeim kjörum, að Frimann fengi $\frac{1}{22}$ part af afla bátsins, en borgi hlutfallslegan kostnað ($\frac{1}{22}$ part), er kann að leggjast á aflann, svo sem salt, sild o. s. frv. Ennfremur skyldi hann borga »fyrir veðleigukostnað« 3 kr. pr. viku, og leggja sér sjálfur til sjóföt, stígvél og annað, er hann þarfnadist. Þegar vertíðin byrjaði og áfrýjandi ætlaði að fara í skiprúmið, var mótarbátur sá, er hann átti að fara á, ekki tilbúinn vegna einhverrar bilunar, og var eigi látinn ganga í febrúarmánuði. Með því að stefndi eigi útvegaði áfrýjanda annað skiprúm eða gaf hon-

um kost á annari atvinnu þenna tíma, telur áfrýjandi sig hafa orðið fyrir atvinnutjóni, er stefndi eigi að bæta honum, og höfðaði hann því þetta mál fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn stefnda og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að greiða sér kaup fyrir febrúarmánuð 1915 annaðhvort með ákveðnum hluta $\frac{1}{22}$ af afla miðað við meðaltalsfiski á bát hjá stefnda umgetinn tíma í Sandgerði, en þar gengu bátar hans þá, eða til vara 4 kr. á dag frá og með 2. febrúar og út mánuðinn, ennfremur krafðist áfrýjandi þess, að stefndi væri skyldaður til að gera honum full reikningsskil fyrir vetrarvertíðina, er hér um ræðir. Með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 4. ágúst þ. á., var málinu ráðið til lykta á þá leið, að stefndi var sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda út af umræddri ráðningu, og var málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefir Frimann Einarsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. ágúst þ. á., og gert hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirréttinum, svo og krafist málskostnaðar; þó verður að líta svo á, að hann hafi fráfallið kröfu sinni um reikningsskil af hálfu stefnda, því hann minnst ekki á þau í sókn sinni fyrir yfirdóminum, enda hafði stefndi fyrir gestaréttinum látið leggja fram skilagrein fyrir viðskiftum hans og áfrýjanda þeim, er hér um ræðir. Af annari hálfu hefir stefndi Loftur Loftsson krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður í málinu, það er að segja að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Þar sem áfrýjandi eftir nefndum samningi var

skuldbundinn til þess að vera í skiprúmi á mótorbát stefnda vetrarvertíðina 1915, og koma í skiprúmið í byrjun vertíðar, þá var stefndi hins vegar skuldbundinn til þess að hafa skiprúmið til og bátinn sjófærann, þegar áfrýjandi eftir samningnum vitjaði skiprúms síns. Það er nú eigi nein efasemd um það, að báturinn var eigi sjófær og skiprúmið eigi á reiðum höndum, er áfrýjandi vitjaði þess 2. febrúar 1915, og verður að telja þetta á ábyrgð stefnda, en þar af leiðir að hann verður að greiða áfrýjanda bætur fyrir það atvinnutjón, er hann með þessu móti hefir orðið fyrir, er það óvéfengt í málinu að hann hafi orðið fyrir atvinnutjóni fyrir þessi atvik. Með því að engin gögn eru fyrir hendi til þess að ákveða meðaltalsfiski á bát hjá stefnda í Sandgerði áminsta vetrarvertíð, verður aðalkrafa áfrýjanda í þessu efni eigi tekin til greina, en hins vegar virðist mega meta skaðabæturnar eftir varakröfunni, er eigi hefir verið sérstaklega andmælt af stefnda, og verða þá bæturnar 4 kr. fyrir hvern dag frá 2.—28. febr., eða alls 108 kr.; þessa upphæð verður þá að tildæma áfrýjanda hjá stefnda með 5% vöxtum frá gestaréttarstefnudeginum 20. marz þ. á. til borgunardags, og eftir þessum úrslitum þykir og verða að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Loftur Loftsson greiði áfrýjanda Frimanni Einarssyni 108 kr. með vöxtum 5 af

hundraði frá 20. marz þ. á. til borgunardags og uppi málskostnað 50 kr. og lúkist upphæðir þessar áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 23. október 1916.

Nr. 57/1916.

Réttvísir

gegn

Jóni Magnússyni.

D ó m u r :

Við dómsgerðir þær, er yfirréttinum hafa borist á máli þessu, er það að athuga, að skjöl þau, er fram hafa verið lögð í aukaréttinum, hafa ekki fengið áteiknun dómarans um framlagningu né fengið tölunúmer, svo ekki verður séð hvort þau skjöl, er nú fylgja dómsgerðunum, eru hin sömu og fram hafa verið lögð, að áfrýjunarstefna undirdómarans til ákærða er ekki rituð á dómsgerðirnar in originali og að sama er að segja um vottorð stefnuvottanna um birtingu stefnunnar, og með því undirdómarinn auk þess hefir vanrækt að rita á dómsgerðirnar yfirlýsingu sína um að hann fyrir sitt leyti láti sér nægja stefnu þá, er út hefir verið gefin í málinu, svo sem fyrir er mælt í tilskipun 31. maí 1805 4. gr., þá ber að vísa málinu frá yfirdóminum.